



KARLAÞÓR REYKJAVÍKUR

Kveðja frá forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessyni

Við Íslendingar eigum okkar merkan tónlistararf, ekki síst tvísöng og söng rímna og sálma. Fyrr á tíð sögðu margir erlendir gestir þó að þeir væru lélegir, söngmennirnir á þessari eyju í útnorðri. Þeir „syngja flestir ákaflega illa“, fullyrti ferðalangur sem lagði leið sína hingað á átjándu öld, „hljóðfallslaust og leiðinlega, hafa ekki minnstu hugmynd um unað hinnar nýrri hljómlistar“. Þar að auki fundust fá hljóðfæri í landinu um þær mundir. Þau voru þó til og vissulega fannst fólk með yndi af hinni „nýju hljómlist“ sem tók að heyrast undir lok miðalda. Sú saga hefur verið sögð af Ragnheiði Brynjólfsdóttur biskups í Skálholti að þegar hún hélt til náms í Bræðratungu á unglingsárum hafi hún varpað sér „strax á morgnana niður á bekkinn fyrir framan eikarborðið mikla sem klavírkordið stendur á, eins og þyrstur ferðalangur niður á lækjarbakka“. Þetta þóttu firn.

En nú er öldin önnur. Nú lifa Íslendingar í heimi söngs og tóna. Fjölmargir njóta sín í kór eða hljómsveit og íslenskt tónlistarfólk gerir garðinn frægan í útlöndum. Þessa þróun má ekki síst þakka þeim tónlistarmönnum sem fluttu til Íslands um miðbik síðustu aldar og fóru að kenna söng og hljóðfæraleik. Einn þeirra var Fritz Weisshappel, undirleikari Karlaþórs Reykjavíkur þegar kórfélagar héldu í tónleikaferð til útlanda árið 1937 og komu meðal annars við í fyrri heimaborg hans Vínarborg. Annar var Páll Pampichler Pálsson, kórstjóri um árabíl. Hann leiddi kórinn í annarri utanlandsferð árið 1973 og var þá sungið í Graz, æskustað hans.

Nú liggur leiðin aftur út, til Graz og víðar. Þannig heiðrar kórinn Pál Pampichler, níræðan á þessu ári. Og þannig heldur Karlaþór Reykjavíkur líka merki íslenskra tónmennta á lofti svo eftir er tekið.

Ég óska kórfélögum, þessum hraustu mönnum sem syngja svo glatt á góðra vina fundi, velfarnaðar og affarasællar ferðar út fyrir landsteina. Megi brennandi vitar lýsa þeim leið!